

# Sturla Þórðarson.

I minningu 700 ára afmælis hans.

## I.

Sturla hinn íslenzki var hann nefndur á konungsskipi, er hann var þar kominn útlægur og fólaus, á flóttu undan of óvitrum samlöndum sínum. Og vel átti það við, að kalla sérstaklega hann Íslending, því að slikir menn hafa bezt íslenzkir verið. Verður framarlega að nefna Sturlu Þórðarson, þegar geta skal þeirra manna, sem fyrst og fremst er að þakka, að íslenzkt þjóðerni er ekki undir lok liðið, svo að ennþá er viðreisnar von.

Sagan af því, hvernig Sturla skáld sættist við Magnús konung, og snerist til vináttu með þeim, svo óvænlega sem horfði, er ein hin skemtilegasta í Sturlungu, og sýnir svo gott gaman er að, hvernig snild og vit getur friðsamlega sigur unnið, ef ekki er við of óvitra að eiga.

## II.

Sturlungar eru sú ætt, sem íslenzk menning á mest að þakka. Hefir þó ekki vegur þeirrar ættar

verið eftir því mikill á landi hér, þó að Snorri Sturluson væri um hríð mestur höfðingi á Íslandi, og Þórður hinn rammi (oftast nefndur Þórður kakali) bróðursorur hans, náði síðar um stund yfirráðum yfir öllu landi.

Haukdælir eru sú ætt, sem Íslendingar hafa í mestum hávegum haft, og voru þó af þeirri ætt sumir hinir mestu skaðamenn þess sem bezt hefir verið íslenzkt. Gissur biskup Ísleifsson réð líkt og konungur yfir landinu, langa og lánsama æfi, og lagði grundvöllinn að kirkjuvaldinu katólska. Og þegar Árni biskup Þorláksson, Staða-Árni, eða réttar nefndur Skaða-Árni, annar maður, sem Íslendingar hafa haft hinar mestu mætur á, hafði rekið smiðshöggi á þá smið, þá var þjóðinni engin leið fær önnur en til asturfarar og niðurdreps.

## III.

Saga Sturlungaættarinnar, er eins og saga Gunnars og Grettis, hamsaga. Sú ætt, sem bezt var fallin til að vera brjóst fyrir þessari þjóð á framsóknarbrautinni, náði of seint

þeim auði og þeim völdum, sem þá þurfti, til þess að geta beitt sér. Það var alþjóðar ólán, að Þorbjörn logið mun vera rétt ritað nafn hans — Þau ekki Rangárverli, þar sem betur mátti koma fótum undir sig en á Vestfjörðum. Þeirra ættmanna getur nú samt við sögu Rangárvalla, því að Snorri var þar uppalinn, eins og kunnugt er, og notaði hið bezta fræða-arfinn í hinni fornu konungsætt, og Úlfss örgoða — hins heiðnasta manns — og Sæmundar hins fróða.

#### IV.

Það var of seint, sem hinir frægu Sturlusynir, Þórðr, Sighvatr ok Snorri, urðu mestir höfðingjar á Íslandi, Mótstraumurinn katólski, sá sem skaðlegast hefir stefnt því sem bezt er íslenzkt, var orðinn of striður. Það hefir ef til vill aldrei skinið fegur yfir íslenzku atgerfi, en eftir aldamótin 1200. Æn það var ~~Íslensk~~. Svo mikill maður sem Sturla söguritarinn var, einnig líkamlega, og svo vel sem hann færði sér í nyt það sem hann hafði lært í Reykholti, þá var hann ekki jafningi hinnar eldri

L aflan

kynslóðar af Sturlungum, og hefir ekki alveg að verðleikum frá Snoðra kunnað að segja, og bræðrum hans. Mun þetta ekki stafa af því, að minna hafi verið í hann spunnið, heldur af því að mótstraumurinn var orðinn stríðari. En mikið hrós er það fyrir Sturlu á gamals aldri, og sýnir hvað var í viljann spunnið, að Staða-Árni, hinn mikilvirki og hinn illvirki, rægir hann við konung, og þykir lítið gagn af honum standa sinni skaðasemi.

Og þó að Sturla hefði ekkert annað sér til ágætis unnið, en það sem hann á í Landnámu, þá er það nóg til þess, að nafni hans má oss aldrei fyrnast. Blessuð sé minning þeirra forfeðra, sem slíkan arf hafa látið oss eftir, og má Landnáma teljast heilög bók oss Íslendingum. Mun þá skamt eftir íslenzkrar vesaldar, þegar innlendir og útlendir kunna að meta þá bók eins og vert er, og fleira sem ritað hafa menn af þeirri ætt.

Helgi Pjeturss.

Margnabl. ìy: 1914